

# Skilalýsing - Sauna

Um er að ræða [smáhýsi](#) sem búið er að breyta í sauna. Ytri mál gólfplatar smáhýsisins eru 2,5m x 3m. Til viðbótar við þau mál eru 20 cm þakskyggni á hliðum og baki ásamt 50 cm skyggni að framan. Smáhýsið sjálft er byggt úr timburgrind sem er 45×95.

Ytra sperrubyrgði er klætt með vind vörn og síðan 2 cm þykkri bandsagaðri timburklæðningu sem er klædd standandi. Þaksperrur eru klæddar með 25×150 mótatimbri, Ísola Dglass þakpappa og að síðustu alusink þakjárn.

Í stað assa læsingar á hurð er hurðapumpa og timburhandfang. vegna hitans þá er ekki hægt að hafa járn læsingu.

Að innan er smáhýsið einangrað með 95mm steinull, þar næst álrakasperrulag til að lámarka hitatap. Gólfkrossviðurinn er lagður með öryggisvínildúk og 10 cm upp á vegg. Ofan á rakasperrulagið kemur 12mm timburpanel sem endar 5 cm frá gólfbrún og fer ofan á gólfdukkinn. Búið er að úða panelinn báðum megin með c-tox sveppavörn. Í miðju gólfinu er niðurfall. Ofan á gólfdukkinn kemur timburgrind úr hefluðu 28×95 fúgavörðu timbri.

Meðfram öðrum langvegg og bakvegg er tvöföld röð af timburbekkjum til setu eða legu. Þar eð breiðari neðri röð og svo mjórri efri röð. Á hálfum seinni langveggnum er einföld röð af timburbekkjum svo ekki verði of þröngt til gangs.

Við hliðina á einfalda bekknum er vandaður steinaofn sem fylgir með í verðinu sem byggður er inn í timbur öryggisgrind til að varna því að fólk geti dottið og brent sig á ofninum. Til að fá rakari gufu þá er vatni hellt á steinana.

Tvær loftristar eru á húsinu önnur er upp við þak á aftari gaflvegg meðan hin er við hliðina á steinaofninum niður við gólf.

Lýsing í smáhýsinu eru tveir rakaheldir saunalampar í loftinu.

Húsin koma á þremur dregurum sem eru notaðir til að festa húsið við undirstöður.

Sauna eru fánleg í tveimur stærðum, 5 fm og 7,5 fm að stærð.

Hafðu samband til þess að fá verðtilboð.

Fríða Stefánsdóttir

[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

[reisum@simnet.is](mailto:reisum@simnet.is)

Sími: 464 1202 / 899 0913